

gera það líka. Hún var ekki of „fín“ til þess að koma við óhreinna drenginn litla; og ekki óttaðist hún það, að óhreini kollurinn hans óhreinkaði fallega handskjólíð hennar. Við sjáum birtuna í kring um hana, og finnum hlýindin þaðan leggja á móti okkur. — En fallegast er sólskinið hennar fyrir það, að hún vill ekki láta neitt bera á sér.

MÉR HEFÐI ÞÓTT ÞAÐ LÍKA!

Haft er eftir Pett Ridge, blaðamanni í Lundúnum og rithöfund, að hann álti, að þegar til alls komi, þá komi hnittilegustu svörin og bestu frá almúgafólki, af því þau komi ósjálfrátt og beint frá hjartanu. Máli sínu til stuðnings segir hann söguna, sem hér fer á eftir. Og enginn vafi er á því, að alveg ljómandi hnittilega er svarað.

Það var kona nokkur, sem hafði verið að selja fisk. Hún fór inn í omníbúsinn með körfuna sína tóma á handleggnum. Megn fisk-þefur var af körfunni. Hún settist í autt sæti rétt hjá ungum manni af heldra tægi. Hann dró óðar að sér frakkalöfin sín, og lét í ljós einlægan viðbjóð á sessunaut sínum.

Konan segir við hann undir eins: „Eg býst við, að yður hefði þótt betra, ef einhver finn maður hefði setið hjá yður?“

„Já, það hefði mér þótt!“—svaraði hann fljótt.

Eftir stundar-þögn segir hún svo: „Já, mér hefði þótt það líka!“

Ungi maðurinn, sem hér segir frá, var ólíkur ungu stúlkuinni þeirri, er segir frá í sögu-korninu næsta á undan. Hann bjó ekki til sólskin. En konan, sem varð fyrir myrkrinu og kuldinum af hans hendi, lét það ekki fá neitt á sig. Hún sneri því upp í spaug, sem varð til þess, að náungi þessi fann til. Og það er svo miklu betra en að reiðast. Að reiðast er að mæta myrkri með myrkri. Úr því verður aldrei ljós.

BÆNIN HENNAR ELSU.

Eftir *V. McDonald Forbes*.
(Lausl. þýtt.)

Í þorpi einu skamt frá New York bjó maður, sem Walton hét. Hann átti 4 börn. Hið elsta þeirra var stúlka, 12 ára